



Í þessum kafla eru ritunarverkefni. Markmið þeirra er að kenna þér að:

- Þekkja hugtök eins og upphaf, miðja og endir í sögugerð.
- Nota orðabækur og önnur hjálpargögn við ritun.
- Nota stafsetningarreglur sem þú hefur lært, t.d. n- og nn-regluna og regluna um stóran og lítinn staf.
- Leggja mat á vinnu þína.
- Setja þér markmið í ritun.

Þú þarft að velja verkefni í samráði við kennara.

Hér er listi yfir það sem þú þarft að hugleiða við ritun þína.

- **Söguskífa/hugtakakort/hugarkort.** Þegar þú hefur valið verkefni er hjálplegt að nota söguskífu/hugtakakort/hugarkort við að undirbúa skrifin.
- **Sýna kennara.** Þegar þú hefur lokið undirbúningi er gott að fá álit kennarans eða félaga á hugmynd þinni.
- **Uppkast.** Þegar kennarinn eða félaginn hefur farið yfir skífuna/kortið skrifar þú fyrsta uppkast að sögunni/textanum þínum.
- **Lesu yfir.** Þegar þú hefur lokið við uppkastið átt þú að lesa það upphátt og leiðrétt villur sem þú sérð og heyrir.
- **Sýna kennara.** Þegar þú hefur lokið við að leiðréttu uppkastið pantaðu viðtal hjá kennaranum til að fara yfir verkið með þér.
- **Hreinrita.** Þá er komið að því að hreinrita textann. Mundu eftir að vanda allan frágang.
- **Meta í verkmöppu.** Þegar hreinritun er lokið átt þú að meta verkið í verkmöppuna. Þegar þú gerir það verður þú að hafa uppkastið hjá þér. Þú átt að segja hvernig þér gekk að skrifa textann, hvað þú þurftir að lagfæra og hvað gekk vel. Að lokum átt þú að gefa sjálfum þér einkunn.
- **Sýna kennara.** Láttu kennarann hafa verkmöppuna ásamt uppkastinu og endanlegri útgáfu og þið farið yfir mat þitt.
- **Gefa út.** Þú getur lesið söguna þína fyrir bekkinn eða sett hana í bekkjabókasafnið.